



## Gróður á framkvæmdasvæðum snjóflóðavarna í Bjólfi

### *Inngangur*

Að beiðni Ara Benediktssonar hjá Hönnun eru hér teknar saman niðurstöður fyrri rannsókna um gróður á framkvæmdasvæðum fyrirhugaðra snjóflóðavarna í Bjólfinum á Seyðisfirði. Einnig er í þessari greinargerð rætt um kosti uppgræðslu eftir að framkvæmdum er lokið.

Fyrirhugað er að snjóflóðavarnargarðurinn verði þvergarður, 300 eða 450 m langur á svokallaðri Brún í um 650 m h.y.s. í austanverðum Bjólfi, vestan byggðar við Seyðisfjörð.

### *Gróðurathuganir á Brún*

Náttúrustofa Austurlands hefur ekki gert vettvangsathugun vegna þessarar framkvæmdar en 1997 var unnin á vegum Náttúrustofunnar úttekt á gróðri vegna fyrri áforma um snjóflóðavarnir í Seyðisfirði (Guðrún Á Jónsdóttir 1998). Þær rannsóknir náðu að því er virðist að mestu yfir það svæði á Brún sem nú er til skoðunar vegna varnargarðs.

Gerð var tegundaskráning og helstu gróðurlendum lýst á Brún og mosasýnum var safnað til greininga á rannsóknarstofu. Það skal tekið fram að söfnun mosasýna var ekki nægilega skipuleg til að gefa fullkomna mynd af mosaflóru svæðisins (Guðrún Á. Jónsdóttir 1998)

Samkvæmt gróðurlýsingu frá 1997 eru á Brún grýttir hólar eða grjóthrúgöld með snjódældagróðri á milli. Hélumosi (snjómosi) og fléttur eru talsvert áberandi. Á móaþúfum neðan til á svæðinu er móagróður þar sem krækilyng, stinnastör og kræða eru áberandi. Einnig er dálítið af móasefi og holtasóley á börðum. Í dældum er grasvíðir, grámulla og fjallasmári ásamt fléttum áberandi tegundir. Steinar eru nokkuð vaxnir svörtum mosa. Burkarnir, skjaldburkni og tófugras vaxa einkum í brekkunni ofan við hjallann en skjaldburkninn fannst einnig í skorningi á hjallanum. Ofan til á hjallanum eru skriður og hallandi urðir.

Á svæðinu sem skoðað var á Brún 1997 fundust 62 tegundir háplantna og 8 tegundir mosa. Af þeim tegundum sem fundust á þar eru engar sjaldgæfar eða á valista. Skjaldburkni hefur þó takmarkaða útbreiðslu og er bundinn við snjóþung svæði á landinu (Guðrún Á. Jónsdóttir 1998).

### *Niðurstaða*

Á Brún (í um 650 m hæð) ber gróðurfarið svipmót háfjallagróðurs. Talsverður gróður er á öllum hjallanum miðað við hversu hátt svæðið liggur. Ekki fundust sjaldgæfar tegundir eða neinar sérstakar gróðurvinjar á þessu svæði. Bygging varnargarðs þarna mun augljóslega valda röskun á þeim gróðri sem þar er bæði móatorfum og snjódældum. Ekki er líklegt að raunhæft sé að beita uppgræðslu á þessu svæði þar sem það liggur svo hátt. Einnig er vafasamt að það sé æskilegt ef ætlunin er að endurheimta upprunalegan háfjallagróður.

### *Heimildir*

Guðrún Á. Jónsdóttir 1998. **Gróðurfur á framkvæmdasvæðum vegna snjóflóðavarna í Bjólfinum á Seyðisfirði.** Náttúrustofa Austurlands, Neskaupstað.

Neskaupstað 29. apríl 2002.

Guðrún Á. Jónsdóttir

Meðfylgjandi er listi yfir tegundir sem skráðar voru á Brún 1997 (Guðrún Á. Jónsdóttir 1998)

Háplöntutegundir á Brún. Nafngiftir, Hörður Kristinsson (1986).

Íslenskt nafn	Latneskt nafn
Axhæra	<i>Luzula spicata</i>
Beitieski	<i>Equisetum variegatum</i>
Beitilyng	<i>Calluna vulgaris</i>
Bláberjalyng	<i>Vaccinium uliginosum</i>
Bláklukka	<i>Campanula rotundifolia</i>
Blásveifgras	<i>Poa glauca</i>
Blávingull	<i>Festuca vivipara</i>
Blóðberg	<i>Thymus praecox</i>
Brjóstagrass	<i>Thalictrum alpinum</i>
Bugðupuntur	<i>Deschampsia flexuosa</i>
Fjalladepla	<i>Veronica alpina</i>
Fjalladúnurt	<i>Epilobium anagallidifolium</i>
Fjallafoxgras	<i>Phleum alpinum</i>
Fjallapuntur	<i>Deschampsia alpina</i>
Fjallasmári	<i>Sibbaldia procumbens</i>
Fjallasveifgras	<i>Poa alpina</i>
Fjallhæra	<i>Luzula arcuata</i>
Geldingahnappur	<i>Armeria maritima</i>
Grasvíðir	<i>Salix herbacea</i>
Grámulla	<i>Omalotheca supina</i>
Grávíðir	<i>Salix callicarpaea</i>
Hagavorblóm	<i>Draba norvegica</i>
Heiðadúnurt	<i>Epilobium hornemanni</i>
Holtasóley	<i>Dryas octopetala</i>
Hvítmaðra	<i>Galium normanii</i>
Ilmreyr	<i>Anthoxanthum odoratum</i>
Jakobsfífill	<i>Erigeron borealis</i>
Klóelfting	<i>Equisetum arvense</i>
Klukkublóm	<i>Pyrola minor</i>
Kornsúra	<i>Bistorta vivipara</i>
Krækilyng	<i>Empetrum nigrum</i>
Lambagrass	<i>Silene acaulis</i>
Langkrækill	<i>Sagina saginoides</i>
Língresi	<i>Agrostis spp.</i>
Ljónslappi	<i>Alchemilla alpina</i>
Ljósberi	<i>Lychnis alpina</i>
Lógresi	<i>Trisetum spicatum</i>
Lækjafræhyrna	<i>Cerastium cerastoides</i>
Mariustakkur	<i>Alchemilla vulgaris</i>
Mariuvöttur	<i>Alchemilla faeroensis</i>
Melskriðnablóm	<i>Cardaminopsis petraea</i>
Mosalyng	<i>Cassiope hypnoides</i>
Mosasteinbrjótur	<i>Saxifraga hypnoides</i>
Móasef	<i>Juncus trifidus</i>

Músareyra	<i>Cerastium alpinum</i>
Ólafssúra	<i>Oxyria digyna</i>
Rjúpastör	<i>Carex lachenalii</i>
Sauðamergur	<i>Loiseleuria procumbens</i>
Skjaldburkni	<i>Polystichum lonchitis</i>
Smjörgras	<i>Bartsia alpina</i>
Sótstör	<i>Carex atrata</i>
Steindepla	<i>Veronica fruticans</i>
Stinnastör	<i>Carex bigelowi</i>
Tófugras	<i>Cystopteris fragilis</i>
Túnfífill	<i>Taraxacum spp.</i>
Túnsúra	<i>Rumex acetosa</i>
Túnvingull	<i>Festuca rubra</i>
Vallhumall	<i>Achillea millefolium</i>
Vetrarblóm	<i>Saxifraga oppositifolia</i>
Pursaskegg	<i>Kobresia myosuroides</i>
Þúfusteibrjótur	<i>Saxifraga caespitosa</i>

Mosategundir á Brún. Íslensk nöfn, Begþór Jóhannsson (1996a, 1996b, 1998).

Latneskt nafn	Íslenskt nafn
<i>Anthelia spp.</i>	Hélumosi
<i>Drepanocladus uncinatus (Hedw.) Warnst.</i>	
<i>Kiaeria starkei (Web. et Mohr) I.Hag.</i>	Dældabrúskur
<i>Lescuraea incurvata (Hedw.) Lawt.</i>	Urðaleskja
<i>Lescuraea radicata (Mitt.) Mönk.</i>	Lautaleskja
<i>Polytrichum juniperinum Hedw.</i>	Jarphaddur
<i>Polytrichum sexangulare Brid.</i>	Snæhaddur
<i>Racomitrium ericoides (Brid.) Brid.</i>	Melagambri